Nr. 22/1905: Pétur M. Bjarnarson
gegn
Jóni Laxdal fyrir hönd Emil Strand.

Dómur:

Þegar mál þetta átti að taka fyrir í yfirdóminum 11. f. m. samkvæmt áfrýjunarstefnunni, mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hálfu. Af stefnda hálfu mætti ftur á móti yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason og kvaðst vera kominn þar samkvæmt stefnunni, og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda fyrir gabbið. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N. L, 1—4—34 til að greiða stefnda í þessu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Pétur M. Bjarnarson kaupmaður á Ísafirði greiði stefnda verzlunarstjóra Jóni Laxdal fyrir hönd Emil Strand 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.